

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

4. tbl. 2. árg.

27. mars 2024



Stykkishólmur, 27. mars 2024

Viðburðaríkir páskar framundan

Kokteilahátíðin Stykkishólmur cocktail weekend verður haldin hátíðleg dagana 27.-30. mars. Á hátíðinni keppa helstu barir og veitingastaðir bæjarins um að blanda besta kokteilinn. Allir staðirnir sem taka þátt munu bjóða upp á

sinn keppnisdrykk yfir helgina á góðu verði, dómnefnd fer svo á milli staða og tilkynnir sigurvegarann á laugardagskvöldinu. Hægt er að taka þátt í happdrætti með því að safna límmiðum sem fást með keyptum drykk á hver-

jum stað. Dregið verður úr happdrættinu á Fosshótel Stykkishólmi á laugardagskvöldinu. Þátttakendur hátíðarinnar í ár eru Fosshótel Stykkishólmur, Hótel Egilsen, Narfeyrarstofa, Skipper og Sjávarpakkhúsið. Staðirnir

bjóða hin ýmsu tilboð og viðburði yfir hátíðina sem íbúar og gestir eru hvattir til að kynna sér. Ætla má að nokkur fjöldi fólks verið í bænum yfir páskahátíðina enda nóg um að vera og því margir sem sækja Hólminn heim.

Fullt hús á stórtónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Bæjarstjóri ávarpar fullt hús tónleikagesta. Sinfóníuhljómsveit og Snæfellskir kórar í baksýn.

Þann 7. mars mætti Sinfóníuhljómsveit Íslands í Stykkishólmi og hélt stórtónleika í íþróttamiðstöðinni. Áhorfendastúkan var þétt setin auk þess sem töluverður fjöldi sat niðri í sal og naut tónleika. Ætla má að hátt í 500 manns hafi mætt á tónleikana. Auk Sinfóníuhljómsveitarinnar komu fram um 80 söngvarar úr Snæfellskum kórum sem fluttu með sveitinni þrjú hugljúf íslensk tónverk. Áður en tónleikar hófust ávarpaði bæjarstjóri tónleikagesti þar sem hann bauð sveitina velkomna og fagnaði því sérstaklega að þjóðarhljómsveit Íslendinga legði land undir fót til að auðga tónmenningu landans. Bæjarstjóri fór í stuttu máli yfir ríka sögu tónlistarstarfs í Stykkishólmi og minnti á að nú í ár eru liðin 80

ár frá stofnun Lúðrasveitar Stykkishólms og 60 ár frá stofnun Tónlistarskóla Stykkishólms. Í ræðu sinni minntist bæjarstjóri einnig Sæbjörns Jónssonar sem hóf sitt tónlistanám í Stykkishólmi og lék með Lúðrasveit Stykkishólms, en síðar Sinfóníuhljómsveit Íslands í 35 ár. Að lokum færði bæjarstjóri framkvæm-

dastjóra hljómsveitarinnar og kórstjórnendum blóm í þakklætisvott. Morguninn eftir léku ljúfir tónar Sinfóníunnar um eyru yngri hlustenda þegar sveitin flutti tónlistarævintýrið um Maxímús Músíkús fyrir leik- og grunnskólana af Snæfellsnesi. Sögumaðurinn Valur Freyr Einarsson leikari sagði þá söguna um

músina Maxa, sem rambaði á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands og kynntist töfrum tónlistarinnar. Fullt hús barna hlustaði af ákafa á söguna sem náði svo hápunkti þegar músin sjálf steig á svið. Það var Hólmarinn Elín Margrét Sigurðardóttir, nemandi í 4. bekk sem fór með hlutverk Maxímús og stóð sig með miklu þryði.



Elín Margrét fór einkar vel með hlutverk músarinnar enda af listrænu fólki komin.

Júlíana – hátíð sögu og bóka var vel sótt



Bergrún Íris, rithöfundur, ásamt nokkrum nemendum 5. bekkjar.

Ellefta Júlíönuhátíðin var haldin í Stykkishólmi dagana 14. - 16. mars 2024. Sem fyrr var dagskráin afar metnaðarfull, rithöfundar, ljóðskáld og fleiri listamenn stigu á stokk. Hátíðin var vel sótt að vanda. Eitt af verkefnum hátíðarinnar var að fá rithöfund til að vinna með nemen-

dum Grunnskólans í Stykkishólmi. Í ár kom Bergrún Íris Sævarsdóttir rithöfundur og vann með nemendum 3. - 6. bekkja að skapandi skri-

fum. Árangurinn var svo kunngerður á opnum viðburði í Amtsbókasafninu. Mikil þátttaka var í smásagnasamkeppninni í ár og bárust alls 62 sögur. Í dómnefnd voru Anton Helgi Jónsson, Jón Yngvi Jóhannsson og Sólveig Ásta Sigurðardóttir. Védís Eva Guðmundsdóttir bar sigur úr þítum með söguna Hvalreki. Á opunarhátíðinni í voru þau Sæþór og Steina á Narfeyrarstofu og Sara og Gunní á Sjávarpakkhúsinu heiðruð fyrir sitt ríka framlag til matarmenningar á svæðinu.

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins



Þann 8. maí næstkomandi ætlar ungmennaráð sveitarfélagsins Stykkishólms að halda bæjarstjórnarfund unga fólksins. Á fundinum mun ungmennaráð kynna mál fyrir bæjarfulltrúum. Ráðið óskar því eftir hugmyndum að málefnum frá íbúum sem hægt væri að taka fyrir á fundinum. Á vefsíðu sveitarfélagsins má finna hlekk á könnun þar sem hægt er að koma hugmyndum sínum á framfæri. Fólk á öllum aldri er hvatt til að svara könnuninni.

Fundað um framtíð Breiðafjarðar



Mynd: Skessuhorn.is

Í marsmánuði stóðu Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir fundaröð um framtíð Breiðafjarðar. Fyrsti fundur var haldinn á Foshótel Stykkishólmi 11. mars þar sem tillögur stýrihóps voru kynntar ásamt kynningu á skýrslu sem nefnist „Hagrænt

virði Breiðafjarðar,“ eftir Vífil Karlsson hagfræðing. Á síðari hluta fundar fóru fram umræður í hópum en um 50 manns sóttu fundinn í Stykkishólmi. Einnig var fundað á Dalahótel, Laugum í Sælingsdal og í Félagsheimilinu Birkimel á Barðaströnd.

Embla Rós sigraði söngkeppni SamVest



Embla Rós Elvarsdóttir sát með sigurinn.

Söngkeppni SamVest 2024, undankeppni Vesturlands fyrir söngkeppni Samfés, fór fram í íþróttahúsinu á Reykhólum þriðjudaginn 14. mars síðastliðinn. Tvö atriði kepptu fyrir hönd Félagsmiðstöðvarinnar X-ið. Embla Rós Elvarsdóttir söng lagið No time to die eftir Billie Eilish og

hljómsveitin Glymur flutti lagið Great balls of fire eftir Jerry Lee Lewis. Hljómsveitina Glym skipa Bæring Nói Dagsson, Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir, Ágústa Arnþórsdóttir, Guðmundur Gísli Gunnarsson og Hjalti Jóhann Helgason. Fulltrúar okkar Hólmarar stóðu sig með miklu þryði en Em-

bla Rós gerði sér lítið fyrir og sigraði keppnina. Embla stóð einnig uppi sem sigurvegari í keppninni í fyrra en þá með hljómsveitinni Hallgerður og rest. Hljómsveitin Glymur hreppti þriðja sætið nú í ár. Þess má einnig geta að þetta er þriðja árið í röð sem X-ið sigrar keppnina. Sveitar-

félagið óskar okkar fólki innilega til hamingju með árangurinn. Keppendur af öllu Vesturlandi stigu á svið og kepptu fyrir hönd sinna félagsmiðstöðva, samtals 10 atriði. Undankeppni fór fram í Hólminum í fyrsta sinn mánudaginn 4. mars þar sem 5 atriði skráðu sig til leik en X-ið mátti aðeins senda tvö atriði á SamVest. Auk þeirra sem tóku þátt í SamVest í ár tóku eftirfarandi keppendur þátt í undankeppni hjá X-inu, Melkor-ka Líf Jónsdóttir, Bryn Thorlacius og Kristbjörg María Álfgeirsdóttir. Ljóst að framtíðin er björt fyrir tónlistarlíf í Stykkishólmi. Félagsmiðstöðin X-ið færir starfsfólki Tónlistarskólans þak- kir fyrir frábært sam- starf og utanum- hald fyrir keppendur. Embla Rós mun taka þátt í söngkeppni Samfés, fyrir hönd félag- smiðstöðva á Vestur- land, en keppnin fer fram helgina 4. maí í Laugardalshöll og verður send út í bein- ni útsendingu á RÚV. Hólmarar eru hvattir til að missa ekki af því.

Fréttir og umbrot
blaðsins annast
Jón Sindri Emilsson
aðstoðarmaður
bæjarstjóra.



Sigurður Grétar og Reynir, nýráðinn byggingarfulltrúi.

Ráðið í stöðu byggingarfulltrúa

Höskuldur Reynir Höskuldsson hefur verið ráðinn í stöðu byggingarfulltrúa hjá Sveitarfélaginu Stykkishólmi en hann mun einnig sinna verkefnum í Eyja- og Miklaholtshreppi í gegnum þjónustusamning við Sveitarfélagið Stykkishólm.

Reynir lauk B.Ed. prófi í byggingarfræði frá

VIA University College í Danmörku 2019, hann hefur undanfarin ár verið búsettur á Egilsstöðum og starfað þar við byggingarstarfsemi frá árinu 2019. Þá býr hann einnig yfir langri reynslu sem stjórnandi í byggingar- og verkiðnaði.

Alls sóttu tíu um stöðuna og var það niðurstaða

hæfninefndar og ráðgjafa að Höskuldur Reynir Höskuldsson mæti best umsækjenda þeim kröfum sem gerðar voru og lagði því til að honum yrði boðið starfið. Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 21. mars síðastliðinn, tillögu hæfninefndar og ráðgjafa um að ráða Höskuldur Reyni Höskuldsson í

starf byggingarfulltrúa. Reynir hóf störf hjá sveitarfélaginu mánudaginn 25. mars síðastliðinn. Fyrstu dagana hefur Reynir verið á ferðinni með Sigurði Grétari, verkefnastjóra framkvæmda og eigna, til að kynnast helstu málum á sviði skipulags- og byggingarmála í sveitarfélaginu þessa stundina.

Staða skólastjóra auglýst



Greint var frá því í síðasta blaði að Heimir Eyvindarson, sem gengt hefur stöðu skólastjóra síðan í byrjun skólaárs, hafi sagt starfi sínu lausu. Staða skólastjóra grunnskólans og tónlistarskólans í Stykkishólmi hefur því verið auglýst laus til umsóknar. Leitað er að leiðtoga með mikinn metnað fyrir menntun barna og unglinga og sem hefur framsækna sýn á skólastarf og hlutverk skólast-

jörnenda. Lögð er áhersla á öfluga skólaþróun, hvetjandi starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk og samstarf við aðila skólasamfélagsins. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1.ágúst 2024. Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2024. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jakob Björgvin Sigríðarson, bæjarstjóri. Finna má auglýsingu fyrir starfið á vef sveitarfélagsins og alfred.is

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi var haldinn 20. mars síðastliðinn í Borgarnesi. Fulltrúar Sveitarfélagsins Stykkishólms á fundinum voru þau Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Steinunn I. Magnúsdóttir og Jakob Björgvin S. Jakobsson eins og sjá má á myndinni hér til hliðar. Aðalfundir voru einnig haldnir í Sorpurðun Vesturlands hf., Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Símenntun

og Starfsendurhæfingu Vesturlands. En hefð hefur skapast fyrir því að halda alla þessa fundi sama daginn. Þannig fæst gott yfirlit yfir starfsemina og góð mæting fulltrúa sveitarfélaganna og annarra sem að standa. Slæmt ástand þjóðvega víða á Vesturlandi og rýr hlutur Vesturlands í tillögu að samgönguáætlun sem nú er í meðförum Alþingis var ofarlega í umræðum á Aðalfundi SSV að þessu sinni.



Vinnustaðaheimsóknir



Ásgeir heimsótti Skipavík og var svo leystur út með gjöfum. Hann sést hér ásamt Heimi skólastjóra.

Nemendur á unglings-
tigi í Grunnskólanum í
Stykkishólmi heimsóttu
hina ýmsu vinnustaði í
bænum nú á dögum.
Verkefnið var hugsað
sem vinnustaða- og
starfsframakynning
fyrir nemendur í 9.
og 10. bekk en einnig
svo nemendur fengu
tækifæri til að kynna
bæjarfélagi sínu betur
og fjölbreyttri starfsemi
sem unnin er í bænum.

Nemendur völdu vin-
nustað eða starf sem þeir
höfðu hug á að kynna
sér betur eða jafnvel
vinna við í framtíðinni.
Nemendur heimsót-
tu svo vinnustaðinn og
kynntust starfseminni
nánar. Að vinnustaða-
heimsókn lokinni unnu
nemendur svo kynning-
ar úr þeim upplýsingum
sem þeir höfðu aflað sér
og kynntu fyrir kennara
sína og samnemendum.



Stefán Karvel heimsótti Ráðhúsið og var einnig leystur út með bókagjöf.

Framundan í Norska húsinu



29. mars 2024

Skál! Fyrstu kynni af áfengis (ó)menningu

Í tengslum við nýja grunnsýningu í Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla - „Hjartastað - Sjóndeildarhringurinn með augum ungs fólks á Snæfellsnesi frá 1900“ sem opnaði s.l. haust er efnt til viðburða sem tengjast sýningunni og að þessu sinni er umræðuefnið: „Hver voru þín fyrstu kynni af áfengis (ó)menningu? Anna Melsteð sýningarstjóri fjallar um þessi málefni á föstudaginn langa kl. 20:00 í Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsinu. Hægt verður að smakka nokkra drykki sem tíðkuðust á árum áður. Ókeypis aðgangur.



30. mars 2024

Andaðu - listamanna spjall með Jónu Þorvaldsdóttur

Nú stendur yfir ljósmyndasýning á svarthvítum listljósmyndum Jónu Þorvaldsdóttur, í Norska Húsinu. Jóna verður á staðnum með listamannaspjall laugardaginn 30.mars frá kl. 16-18. Léttar veitingar í boði. Með ljósmyndaverkum

sínum, sem sveipuð eru dulúð og mýkt, er Jóna að miðla áfram því sem hún skynjar og upplifir hverju sinni. Þau endurspeglar ekki endilega raunveruleikann eins og hann kemur okkur fyrir sjónir, heldur eru þau ferðalag inn í hugarheim

hennar, inní veröld sem hún ímyndar sér. Þegar hún er að mynda, leyfir hún innsæinu og umhverfinu að vinna með sér, vinnur út frá því sem gerist. Stundum tekur hún myndir einfaldlega vegna þess að henni líður vel á staðnum eða þegar eitthvað ómeðvitað kallar á hana. „Myndverkin mín eru mín persónulega upplifun innávið en áhorfandinn má túlka þau á sinn veg“. Jóna hefur gaman af því að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn og velta fyrir sér ýmsum formum og verum sem myndast í náttúrunni sem á einu augnabliki geta breyst og horfið. Í fljótu bragði virðast myndirnar hennar, margar hverjar, vera eingöngu landslag eða form en þegar betur er að gáð, má sjá ýmsum verum bregða fyrir. Það fer allt eftir hvernig hver og einn sér og upplifir myndefnið. Handverkið skiptir hana miklu máli. Hún framkallar filmurnar sjálf og nýtur þess að handtækka ljósmyndirnar í rólegheitunum í myrkrarherberginu sínu og vinna þær í höndunum. Hver og ein ljósmynd er einstök þar sem stafræn tækni kemur hvergi nærri. Jóna lærði ljósmyndun í Varsjá í Póllandi og hefur síðan sótt ýmsar vinnustofur og haldið fjölda sýninga.

Framundan í Norska húsinu



6. apríl 2024

Lifandi hringform myndlistarsýning eftir Ísól

Ísól Lilja Róbertsdóttir heldur myndlistarsýningu með nýjum og nýlegum verkum í Norska húsinu í Stykkishólmi. Sýningin opnar 6. apríl. Ísól ólst upp í Stykkishólmi og var því frá ungum aldri umkringd fallettri náttúru Snæfellsness. Hún hefur alltaf verið heilluð af mynstrum og litum, ekki aðeins í náttúrunni, heldur einnig í geimnum. Ísól er með B.Sc. gráðu í eðlisfræði með

áherslu á stjarnvísindi frá Háskóla Íslands og stefnir á frekara nám í stjarnæðlisfræði. Í frístundum malar hún mandölur og í list hennar má sjá innblástur frá náttúrunni og litirnir og spíralarnir minna einnig á vetrarbrautir og stjörnuþokur. List Ísólur hefur öðlast athygli á samfélagsmiðlum og er Instagram reikningur hennar (@drawing_in_ice) með yfir 20 þúsund fylgjendum.



Myndir: Bæring Nói Dagsson



Áfram Snæfell

Síðasti leikur tímabilsins hjá Snæfell í fyrstu deild karla fór fram mánudaginn 25. mars síðastliðinn í Hólminum. Töluverð

meiðsli og veikindi settu svip sinn á leik Snæfells sem laut í lægra haldi gegn Sindra í leiknum. Þrátt fyrir tapið heldur

Snæfell sæti sínu í fyrstu deildinni. Á facebooksíðu sinni þakkar körfuknattleiksdeild Snæfells fyrir frábæran

stuðning í vetur. Liðið hyggst nota sumarið til æfinga og stefnir að því að mæta með sterkara lið til leiks næsta vetur.